

hans með himneskum góðvilja til allra lifandi skepna, svo að hans vegna fái þær allar vegsamað þig“.

Og Miskunnsemdanna Engill þagnaði, en með tárvotum augum tók Engill Friðarins svo til máls:

„Algóði guð, skapa ei manninn. Friði þínum spillir hann. Blóði drifnu verða spor hans um heiminn. Voði og skelfing, stríð og styrjaldir flekka jardríkið og þaðan af meðal þinna handaverka finnur þú ekki fagran blett á jörðinni“.

„Þá svaraði Engill Réttlætisins í köldum róm: „Og þú skalt dæma hann og hann skal verða undirgefinn mínu valdi“.

Engill Sannleikans gekk þá fyrir hásetið og sagði: „Lát það vera sannleikans guð. Með manninum sendir þú lygar á jörð“.

Því næst urðu allir hljóðir. Út yfir þögnina ómælanlegu hljómuðu orðin helgu:

„Þú Sannleikur skalt fara með honum til hans bústaðar á jörðinni, en eiga samt bústað á himnum. Milli himins og jarðar skaltu líða og samantengja heimana tvo“.

## II. Dauðinn.

Maðurinn fæðist í heiminn með saman krepta hnefana. Hann deyr og höndin er útrétt. Þá hann byrjar að lifa girnist hann að hrifsa alt til sín, en er hann skilur við heiminn gengur alt úr greipum hans, er hann hefir safnað. Ber og nakinn kemur hann í heiminn, ber og nakinn hverfur hann á burt. Dæmi þessa er sagan af Alexander.

Einhverju sinni reikaði hann að hliðum Paradísar og barði að dyrum, svo lokið væri upp.

„Hver ber?“ spurði Varðhaldsengillinn.

„Alexander“. „Hver er Alexander?—„Alexander—hann Alexander—Alexander mikli,—sigurvégari heimsins“. „Vér þekkjum ekki þann mann“, svaraði Engillinn. „Hlið þetta er drottins og hér innganga eingöngu réttlátir menn“.

Alexander baðst þess þá, að hann fengi eitthvað til merkis um að hann hefði komið að hliðum Paradísar, og var honum